

Stjórn Kviku banka hf.  
Katrínartúni 2  
105 Reykjavík

Reykjavík 20. mars 2023

### **Efni: Breytingartillaga vegna aðalfundar 30. mars 2023**

Með vísan til boðunar á aðalfund Kviku banka hf. óskar Gildi-lífeyrissjóður eftir því að eftirfarandi breytingartillögur, annars vegar varðandi dagskrárlið 5 um starfskjarastefnu félagsins og hins vegar varðandi dagskrárlið 6 um breytingar á samþykktum félagsins, verði teknar til meðferðar á fundinum.

### **Dagskrárliður 5: Tillaga um starfskjarastefnu félagsins**

Lagðar eru til eftirfarandi breytingar á grein 7.2. í starfskjarastefnu bankans (yfirstrikaður texti felldur á brott og undirstrikuðum texta bætt við):

[...] Kaupauki skal einungis veittur í samræmi við fyrirfram skilgreind árangursviðmið sem samþykkt hafa verið af stjórn. Mælikvarðar sem árangursviðmið byggja á lúta m.a. að arðsemi eiginfjár félagsins, eiginfjárlutfalli, lausafjárlutfalli, fylgni við lög og reglur, árangri starfsmanns, afkomu einingar, kostnaðarvitund, umbótavilja, ánægju viðskiptavina og þátttöku og stuðningi í tengslum við stefnu og fyrirtækjamenningu félagsins. Óheimilt er að greiða starfsfólki hærrí kaupauka en ~~lög og reglur FME heimila~~, nú 25% af árslaunum viðkomandi starfsmanns án kaupauka. Fresta skal greiðslu kaupauka í samræmi við lög og reglur FME, sem nú kveða á um að ef kaupauki er umfram 10% af árslaunum starfsmanns skal fresta greiðslu a.m.k. 40% af ákvörðuðum kaupauka til að minnsta kosti þriggja ára. Verðmæti kaupauka sem veittur er með afhendingu verðbréfa eða annarra fjármálagerninga skal miðast við markaðsverð eða gangverð óskráðra fjármálagerninga er kaupaukinn er veittur án tillits til frestunar. Gætt skal ákvæða 4. tölul. 2. mgr. 79. gr. a hfl. ef við á. Ef kaupauki er greiddur í formi hlutabréfatengdra réttinda skulu hluthafar upplýstir um skilmála slíkra réttinda og forsendur við verðlagningu þeirra. [...]

### **Greinargerð breytingartillögu:**

Með vísan til afstöðu Gildis á síðasta ársfundi Kviku banka hf. telur Gildi að ekki sé rétt að vísa til þeirra hámarka sem í gildi eru á hverjum tíma samkvæmt lögum og reglum þannig að árangurstengdar greiðslur geti hækkað ef lög eða reglur breytast, án þess að hluthafar taki afstöðu til þess. Ekki er sjálfgefið að háþörk starfskjarastefnu breytist þrátt fyrir að háþörk samkvæmt gildandi lögum og reglum breytist enda skulu hluthafar taka afstöðu til tiltekins launakerfis og eðlilegt að hluthafafundur taki afstöðu til starfskjarastefnu að nýju við slíkar aðstæður.

Þá er lagt til af hálfu Gildis að ef kaupauki verður greiddur í formi hlutabréfatengdra réttinda skulu hluthafar upplýstir um skilmála slíkra réttinda og forsendur við verðlagningu þeirra. Þetta hefur félagið gert og felst þá í breytingunni að starfskjarastefna taki fram að slíkt skuli gert. Heppilegast væri að þessir skilmálar kæmu fram í starfskjarastefnunni sjálfri. Félagið hefur gefið út kauprétti á grundvelli þessa fyrirkomulags, skilmálar liggja því fyrir og ætti þannig að vera hæfur leikur að bæta slíku við starfskjarastefnu þannig að hluthafar séu upplýstir um og taki afstöðu til forsendna útgáfu réttindanna.

Kaupréttir og verðlagning þeirra byggja á matskenndum forsendum og er um að ræða viðskipti milli starfsmanna bankans og bankans sjálfs með fjármálaafurð sem ekki eru almenn viðskipti með eða viðurkennt markaðsverð á. Þarf af þessum sökum sérstaklega að gæta að verðlagningu og þá jafnframt eðlilegt að hluthafar séu upplýstir um forsendur hennar. Hér er þá átt við að ekki sé eingöngu vísað til tiltekinnar aðferðar við verðlagningu (s.s. Black-Scholes) heldur hvaða nánari forsendur, s.s. um áhættulausa vexti og flökt og grundvöll útreiknings slíkra stærða, voru notaðar við beitingu aðferðarinnar og hvaða niðurstöður þær gáfu miðað við hvern útgefinn kauprétt.

Tillagan er til þess fallin að auka gagnsæi við framkvæmd starfskjarastefnu bankans og sett fram með það að markmiði.

#### **Dagskrárliður 6: Tillaga um breytingar á samþykktum félagsins**

Lagðar eru til eftirfarandi breytingar á nýrri fjórðu málsgrein greinar 3.5. (yfirstrikaður texti felldur á brott og undirstrikuðum texta bætt við):

[...]Hluthafi skal tilkynna félaginu þátttöku sína á hluthafafundi með ~~minnst fimm~~ allt að tveggja daga fyrirvara sem skal kynntur hluthöfum í fundarboði. Atkvæðisréttur hluthafa á fundinum fer eftir fjölda hluta á því tímamarki þegar skráningarfresti lýkur.

#### **Greinargerð breytingartillögu:**

Í félögum þar sem hlutir hafa verið teknir til viðskipta á skipulegum markaði er heimilt á grundvelli nýlegra lagabreytinga að kveða á um það í samþykktum að hluthafi skuli tilkynna félaginu þátttöku sína á hluthafafundi innan tiltekins frests fyrir fundinn. Sá frestur skuli þó eigi vera lengri en ein vika. Fundarboð skal innihalda upplýsingar um skráningardag, sbr. 5. mgr. 80. gr. laga nr. 2/1995, um hlutafélög.

Að mati Gildis-lífeyrissjóðs er ekki ástæða til þess að hafa slíkan frest lengri en tvo daga fyrir fundinn. Þær tæknilausnir sem skráð félög hafa nýtt til skráningar og utanumhalds rafrænna hluthafafunda og atkvæðagreiðslu er hægt að nýta innan slíks frests og hefur jafnvel verið mögulegt að miða við skráningu samdægurs.

Takmörkun af þessu tagi er til þess fallin að hluthafi, sem ekki gætir formaskilyrða, missi mögulega af þátttökurétti á slíkum fundi. Að mati sjóðsins ætti að forðast slík formaskilyrði eins og frekast er unnt, eingöngu nýta slíkar heimildir sé það óhjákvæmilegt og þá að hámarki með tveggja daga fyrirvara.

Virðingarfyllt,  
**Gildi-lífeyrissjóður**